

REGLUGERÐ

um virðisaukaskatt af sölu á þjónustu til erlendra aðila, kaupum á þjónustu erlendis frá, rafrænt afhentri þjónustu o.fl.

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar

1. gr.

Gildissvið

Reglugerð þessi gildir um:

1. Virðisaukaskatt af sölu á þjónustu til erlendra aðila, sbr. 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988.
2. Virðisaukaskatt af kaupum á þjónustu erlendis frá, sbr. 1. málsl. 1. mgr. 35. gr. laga nr. 50/1988.
3. Virðisaukaskatt af sölu erlendra aðila á þjónustu hér á landi, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 35. gr. laga nr. 50/1988.
4. Virðisaukaskatt af sölu erlendra aðila á rafrænt afhentri þjónustu skv. d-lið 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988 til aðila sem ekki er skráður skv. 5. gr. laganna og er heimilisfastur eða með fasta starfsstöð hér á landi, sbr. 3. málsl. 1. mgr. 35. gr. laga nr. 50/1988.

2. gr.

Orðskýringar

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér segir:

1. *Beintenging*: Virk tenging við kerfi eða rafræna þjónustu (e. online).
2. *Gagnálag*: Gögn sem eru sett inn í upplýsingavinnslukerfi eða einhvern hluta þess til geymslu eða vinnslu (e. data input).
3. *Gagnasvæði*: Svæði fyrir vistun gagna í tölvukerfi (e. disc space).
4. *Internet*: Samtengt kerfi neta sem tengja tölvur um allan heim yfir tiltekinn samskiptahátt (TCP/IP).
5. *Mótaðar upplýsingar*: Afmarkaðar og skilgreindar upplýsingar.
6. *Netkerfi*: Vélbúnaður og tölvur sem eru samtengdar yfir fjarskiptarásir til að hægt sé að deila auðlindum og upplýsingum (e. network).
7. *Sjálfvirkni*: Án mannlegrar íhlutunar.
8. *Vefhýsing*: Rafrænn geymslustaður vefsetra sem er aðgengilegur tölvum tengdum við Internet (e. web hosting).
- 8 *Vefsetur*: Safn tengdra vefsíðna sem innihalda texta, myndir, myndskreið og annað stafrænt efni (e. website).
9. *Vefsíða*: Skjal eða upplýsingar sett upp fyrir veraldarvefinn og sem hægt er að tengjast með vefvafra (e. web page).
10. *Vöruhús gagna*: Gagnagrunnur sem er ætlaður fyrir skýrslur og greiningu (e. data warehouse).

II. KAFLI

Sala þjónustu til erlendra aðila

3. gr.

Almennt ákvæði

Sala þjónustu sem um ræðir í 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988 til aðila sem hvorki hafa búsetu né starfsstöð hér á landi er undanþegin skattskyldri veltu samkvæmt lögum nr. 50/1988, enda sé annað eftirtalinna skilyrða uppfyllt:

- a) Þjónustan er nýtt að öllu leyti erlendis.
- b) Kaupandi gæti – ef starfsemi hans væri skráningarskyld hér á landi samkvæmt lögum nr. 50/1988 – talið virðisaukaskatt vegna kaupa þjónustunnar til innskatts, sbr. 15. og 16. gr. nefndra laga.

Til sönnunar því að b-liður 1. mgr. eigi við um kaupanda skal seljandi krefja hann um vottorð frá bærum yfirvöldum í heimalandi hans þar sem fram komi hvers konar atvinnurekstur hann hefur með höndum. Vottorð þetta gildir í tvö ár frá útgáfudegi og skal seljandi varðveita það á sama hátt og önnur bókhaldsgögn. Seljandi getur farið fram á framlengingu gildistíma vottorðsins um tvö ár í senn hjá ríkisskattstjóra, þyki staðfest að forsendur séu óbreyttar frá því vottorðið var gefið út.

4. gr.

Þjónusta

Eftirtalin þjónusta fellur undir ákvæði 3. gr., sbr. 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988:

1. Framsal á höfundarétti, rétti til einkaleyfis, vörumerkis og hönnunar, svo og framsal annarra sambærilegra réttinda.
2. Auglýsingaþjónusta.
3. Ráðgjafarþjónusta, verkfræðiþjónusta, lögfræðiþjónusta, þjónusta endurskoðenda og önnur sambærileg sérfræðiþjónusta, sem og gagnavinnsla og upplýsingamiðlun.
4. Rafrænt afhent þjónusta; þjónusta þessi telst ávallt nýtt þar sem kaupandi þjónustunnar hefur búsetu eða starfsstöð; sama gildir um sölu gagnavera á hvers kyns blandaðri þjónustu til kaupenda sem búsettir eru erlendis og hafa ekki fasta starfsstöð hér á landi.
5. Kvaðir og skyldur varðandi atvinnu- eða framleiðslustarfsemi eða hagnýtingu réttinda sem um ræðir í þessari grein.
6. Atvinnumiðlun.
7. Leiga lausafjármuna, þó ekki neins konar flutningatækja.
8. Þjónusta milligöngumanna sem fram koma í nafni annars og fyrir reikning annars, að því er varðar sölu eða afhendingu þjónustu sem um ræðir í þessari grein.
9. Fjarskiptaþjónusta.

5. gr.

Skattskyld vinna og þjónusta

Þrátt fyrir ákvæði 3. og 4. gr. skal sala eftirtalinnar þjónustu ætíð teljast til skattskyldrar veltu hér á landi:

1. Þjónusta eða vinna sem varðar fasteignir hér á landi, þ.m.t. hönnunarþjónusta, ráðgjafarþjónusta vegna byggingarframkvæmda, svo og þjónusta fasteignasala.
2. Þjónusta eða vinna við lausafjármuni hér á landi, þ.m.t. hönnunarþjónusta, ráðgjafarþjónusta, þjónusta er varðar geymslu á lausafjármunum svo og þjónusta vegna skattskyldra álits- og matsgerða.

3. Skattskyld þjónusta sem veitt er í tengslum við starfsemi sem undanþegin er virðisaukaskatti skv. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988, svo sem menningarstarfsemi, listastarfsemi, íþróttastarfsemi, kennslustarfsemi og önnur hliðstæð starfsemi.

III. KAFLI

Rafrænt afhent þjónusta

6. gr.

Skilgreining

Rafrænt afhent þjónusta skv. 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988, sbr. 4. tölul. 4. gr. felur í sér þjónustu sem er afhent yfir Internet eða annað netkerfi, á sjálfvirkan hátt með lágmarks mannlegri íhlutun þar sem notkun upplýsingatækni er nauðsynlegur þáttur afhendingarinnar.

7. gr.

Rafrænt afhent þjónusta

Með rafrænt afhentri þjónustu er einkum átt við eftirfarandi:

1. Stafrænar afurðir, þ.m.t. hugbúnað og breytingar eða uppfærslur á honum.
2. Þjónustu sem veitir eða styður viðurvist fyrirtækja eða einstaklinga á netkerfi eins og á vefsetri eða vefsíðu.
3. Þjónustu sem er veitt frá tölvubúnaði á sjálfvirkan hátt yfir Internet eða netkerfi, sem svörun við sérstöku gagnaflagi frá viðtakanda.
4. Yfirfærslu á hugsanlegum réttindum vegna sölu á vöru og þjónustu á vefsetri sem starfrækt er sem beintengdur markaður þar sem hugsanlegir kaupendur bjóða í með sjálfvirkum hætti og þar sem aðilum er tilkynnt um sölu með tölvupósti frá tölvubúnaði.
5. Miðlun mótaðra upplýsinga þar sem fjarskiptabáttur þjónustunnar er aðeins veigalíttill eða til viðbótar hinn eiginlegu þjónustu, þ.e. miðlun mótaðra upplýsinga umfram aðgang að Interneti og inniheldur einkum efnissíður sem miðla fréttum, veðurfréttum, ferðaupplýsingum, vettvangi leikja, umræðna, o.fl.
6. Vefhýsingu og viðhald forrita og búnaðar í fjarvinnslu þ.e.
 - a. Sjálfvirkt viðhald forrita og fjarvinnu við viðhald á forritum með beintengingu.
 - b. Kerfastjórnun í fjarvinnslu.
 - c. Beintengt vöruhús gagna þar sem afmörkuð gögn eru hýst og endurheimt með rafrænum hætti.
 - d. Beintengda afhendingu á gagnasvæði.
7. Hugbúnað og uppfærslur á honum þ.e.
 - a. Aðgang að eða niðurhal á hugbúnaði, þ.m.t. fjárhags og innkaupakerfi, vírusvarnarforriti og uppfærslur.
 - b. Hugbúnað til að hindra birtingu auglýsingaborða.
 - c. Niðurhal rekla svo sem hugbúnaðar sem tengir tölvur við jaðartæki eins og prentara.
 - d. Beintengda uppsetningu á síum á vefsvæðum.

- e. Beintengda uppsetningu á eldveggjum.
8. Myndir, texta, upplýsingar og veitt aðgengi úr gagnagrunnum þ.e.
- a. Aðgang eða niðurhal á skjáborðspemum.
 - b. Aðgang eða niðurhal ljósmynda, myndskreytinga eða skjávara.
 - c. Stafrænar bækur og aðrar stafrænar útgáfur.
 - d. Netáskrift að dagblöðum og tímaritum.
 - e. Færsluskráningu og tölfræðigögn um notkun á vefsetrum.
 - f. Fréttir, umferðarupplýsingar og veðurfréttir á Internetinu.
 - g. Upplýsingar sem verða til á sjálfvirknan hátt í hugbúnaði, út frá gagnailagi viðskiptavinar, svo sem lagalegar og fjárhagslegar upplýsingar, einkum gögn sem uppfæra stöðugt upplýsingar verðbréfamarkaða.
 - h. Veitt auglýsingarými, þ.m.t. auglýsingaborða á vefsetrum.
 - i. Notkun leitarvéla og upplýsingaskráa.
9. Tónlist, kvikmyndir, leiki sem og útsendingar og viðburði tengda stjórnámálum, menningu, listum, íþróttum, vísindum og afþreyingu þ.e.
- a. Aðgang að eða niðurhal á tónlist á tölvur og farsíma.
 - b. Aðgang að eða niðurhal á stutthljómum, hljóðklippum, hringitönnum eða öðrum slíkum hljóðum.
 - c. Aðgang að eða niðurhal á kvikmyndum.
 - d. Niðurhal á tónlist á tölvur og farsíma.
 - e. Aðgang að beintengdum leikjum sem byggja á Internetinu eða öðru sambærilegu netkerfi þar sem leikmenn eru landfræðilega aðgreindir hver frá öðrum.
10. Fjarkennsla þ.e.
- a. Sjálfvirka fjarkennsla þar sem virkni kennslunnar er háð Internetinu eða sambærilegu netkerfi og kennslan hefur ekki neina eða lágmarks mannlega íhlutun, þ.m.t. sýndarskólastofur, þó ekki þegar Internet eða sambærilegt netkerfi er eingöngu notað í þeim eina tilgangi til að vera samskiptamáti milli kennara og nemanda.
 - b. Vinnubækur sem unnar eru af nemendum í gegnum beintengingu og eru yfirfarnar á sjálfvirknan hátt, þ.e. án mannlegrar íhlutunar.

8. gr.

Það sem ekki telst til *rafrænt afhentrar þjónustu*.

Eftirfarandi vörur og þjónusta fellur m.a. ekki undir hugtakið rafrænt afhent þjónusta:

1. Útvarps og sjónvarpsþjónusta.
2. Fjarskiptaþjónusta.
3. Afhending á eftirtöldum vörum og þjónustu:
 - a. Vörur, þegar pöntun og vinnsla á sér stað með rafrænum hætti.
 - b. Geisladiskar (e. CD-ROMs), disklingar og svipaðir ápreifanlegir miðlar.
 - c. Prentað efni, svo sem bækur, fréttabréf, dagblöð og tímarit.
 - d. Hljóddiskar (e. CDs) og hljóðkasettur.
 - e. Myndbandsspólur, mynddiskar (e. DVDs) og svipaðir miðlar.
 - f. Leikir á geisladiskum eða samskonar miðlum.

- g. Þjónusta sérfræðinga, t.a.m. þjónusta lögfræðinga og fjármálaráðgjafa þar sem ráðgjöfin á sér stað með tölvupósti.
 - h. Kennsluþjónusta þar sem efni námskeiða er afhent af kennara með rafrænum hætti í gegnum beintengingu eða annað netkerfi.
 - i. Viðgerðarþjónusta á tölvubúnaði þar sem viðgerð á sér stað með mannlegri íhlutun.
 - j. Þjónusta vegna gagnageymslna.
 - k. Auglýsingaþjónusta, þó sérstaklega í dagblöðum á veggspjöldum og í sjónvarpi.
 - l. Símsvörun í þjónustusíma.
 - m. Kennsluþjónusta sem felur eingöngu í sér námsgreinar í áskrift líkt og bréfaskóli.
 - n. Hefðbundin uppboðsþjónusta sem krefst beinnar mannlegrar íhlutunar, burtséð frá því hvernig boðin fara fram.
 - o. Fjarfundakerfi, þ.e. símaþjónusta með myndhluta.
 - p. Aðgangur að Internetinu og að veraldarvefnum.
 - q. Veitt símaþjónusta í gegnum Internetið.
4. Samskipti seljanda og kaupanda þjónustu með tölvupósti eða öðrum sambærilegum samskiptamiðlum skulu ekki teljast til rafrænt afhentrar þjónustu samkvæmt reglugerð þessari.

IV. KAFLI

Kaup á þjónustu erlendis frá

9. gr.

Almennt ákvæði

Hver sá sem kaupir þjónustu skv. 4. eða 5. gr. erlendis frá til nota að hluta eða öllu leyti hér á landi skal greiða virðisaukaskatt af andvirði hennar, sbr. þó 2. og 3. mgr. Um skattverð, uppgjör, álagningu, áætlun, endurákvörðun, álag, dráttarvexti og kærur skal, eftir því sem við getur átt, fara með eins og í viðskiptum innanlands.

Aðili sem skráður er samkvæmt lögum nr. 50/1988 er undanþeginn skyldu til greiðslu virðisaukaskatts af kaupum skv. 1. mgr. ef hann gæti að fullu talið virðisaukaskatt vegna kaupanna til innskatts, sbr. 3. og 4. mgr. 15. gr. og 1. mgr. 16. gr. laga nr. 50/1988. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda þó ekki um þjónustu skv. 12. gr.

10. gr.

Bókhald og tilkynning

Kaupandi þjónustu skv. 4. eða 5. gr. skal færa upplýsingar um viðskiptin í bókhald sitt ef kaupandi þjónustu er bókhaldsskyldur skv. lögum nr. 145/1994, um bókhald. Fram skal koma hvers eðlis þjónusta er, hvenær hún var móttækin og hvernig greiðsla var hagað.

Aðilar sem greiða skulu virðisaukaskatt skv. 9. gr. skulu ótilkvaddir gera ríkisskattstjóra grein fyrir kaupum á þjónustu skv. 4. eða 5. gr. á sérstöku eyðublaði í því formi sem að ríkisskattstjóri ákveður.

11. gr.

Gjalddagi og greiðsla

Gjalddagi er fimmti dagur annars mánaðar frá lokum þess almenna uppgjörstímabils sem viðskiptin eiga sér stað.

Greiðslu ásamt greinargerð skal skila til innheimtumanns ríkissjóðs eigi síðar en á gjalddaga.

12. gr.

Innflutningur vöru og aðflutningskýrslur

Nú er skattskyld þjónusta veitt eða hennar notið í tengslum við innflutning vöru og skal innflytjandi þá greiða virðisaukaskatt í einu lagi af hinni skattskyldu vöru og þjónustu hjá tollstjóra.

Tollstjóri ákveður hvaða upplýsingar skuli gefa í aðflutningskýrslu og öðrum tollskýrslum sem greitt skal af í tolli. Um ákvörðun skattverðs innfluttrar þjónustu samkvæmt 1. mgr. gilda ákvæði III. kafla laga nr. 50/1988 og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

V. KAFLI

Sala erlendra aðila á þjónustu hér á landi

13. gr.

Almennt ákvæði

Aðili, með heimilisfesti eða fasta starfsstöð erlendis, sem selur hér á landi skattskylda þjónustu samkvæmt lögum nr. 50/1988 er skyldur til að tilkynna um starfsemi sína til ríkisskattstjóra, innheimta virðisaukaskatt af þessum viðskiptum og standa skil á honum í ríkissjóð samkvæmt almennum reglum laganna, enda eigi 3. tölul. 4. gr. þeirra ekki við um hann. Í þessum tilvikum kemur eigi til skattheimtu skv. IV. kafla reglugerðar þessarar.

Hafi erlendur aðili sem selur hér á landi skattskylda þjónustu ekki fasta starfsstöð hérlendis ber honum að fela umboðsmanni með heimilisfesti hér á landi að vera í fyrirsvari fyrir sig, þ.m.t. að tilkynna um starfsemina til ríkisskattstjóra, innheimta virðisaukaskatt af skattskyldri þjónustu og skila í ríkissjóð.

Hafi erlendur aðili skv. 2. mgr. ekki umboðsmann eða fyrirvarsmann hér á landi og vanrækir að tilkynna starfsemi sína til ríkisskattstjóra ber kaupandi þjónustunnar ábyrgð á virðisaukaskattsskilum hins erlenda aðila vegna þeirrar þjónustu sem hann er kaupandi að. Um skattskil í slíkum tilvikum gilda ákvæði IV. kafla eftir því sem við á.

VI. KAFLI

Sala erlendra aðila á rafrænt afhentri þjónustu

14. gr.

Almennt ákvæði

Erlendur aðili, með heimilisfesti eða fasta starfsstöð erlendis, sem selur rafrænt afhenta þjónustu skv. III. kafla til aðila sem er ekki skráður skv. 5. gr. laga nr. 50/1988 og er heimilisfastur eða með fasta starfsstöð hér á landi, skal innheimta og skila virðisaukaskatti af þeirri þjónustu hér á landi.

Þjónusta skv. 1. mgr. telst ávallt nýtt þar sem kaupandi þjónustunnar hefur búsetu eða starfsstöð. Seljandi skal ótilkvaddur tilkynna starfsemi sína rafrænt á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Aðilar sem selja rafrænt afhenta þjónustu fyrir 1.000.000 kr. eða minna á hverju 12 mánaða tímabili skulu undanþegnir skattskyldu, sbr. 3. tölul. 4. gr. laga nr. 50/1988.

VII. KAFLI
Bókhald og aðgreining í bókhaldi
15. gr.
Bókhald

Allir aðilar sem skyldugir eru til þess að greiða eða eftir atvikum innheimta virðisaukaskatt skv. reglugerð þessari skulu, auk þess sem mælt er fyrir um í reglugerð nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila, haga bókhaldi sínu og uppgjöri þannig að skattyfirvöld geti jafnan gengið úr skugga um réttmæti skattskila.

Öll skjöl og önnur gögn er varða greiðslur eða eftir atvikum innheimtu virðisaukaskatts skal varðveita í sjö ár frá lokum viðkomandi reikningsárs. Ákvæði laga nr. 145/1994, um bókhald skulu gilda eftir því sem við á.

VIII. KAFLI
Refsiákvæði o.fl.
16. gr.
Viðurlög

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu skv. 40. gr. laga nr. 50/1988.

Komi í ljós að aðili hafi vanrækt að greiða virðisaukaskatt, ekki innheimt virðisaukaskatt skv. reglugerð þessari eða ekki greitt skattinn á tilskildum tíma, skal hann auk hins vangreidda skatts sæta álagi skv. 27. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

IX. KAFLI
Gildistaka og lagastoð
17. gr.
Gildistaka og lagastoð

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. mgr. 12. gr., 3. mgr. 35. gr. og 49. gr. laga nr. 50/1988 og öðlast þegar gildi.

Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 194/1990, um virðisaukaskatt af þjónustu fyrir erlenda aðila og af aðkeyptri þjónustu erlendis frá, með síðari breytingum.

Fjármálaráðuneytinu 14. nóvember 2011.

F.h.r.